

## Fundur ungmennaráðs 20.09.2015 kl. 20:00

**Mætt: Jón Egill Hafsteinsson (JEH), Hulda María Valgeirsdóttir (HMV), Fríður Finna Sigurðardóttir (FFS), Una Guðlaug Sveinsdóttir (UGS), Aníta Rut Gunnarsdóttir (ARG).**

**Forföll: Edda Anika Einarsdóttir, Eva Rós Sveinsdóttir.**

1. Fundartímar ráðsins.
  - a. 2. hver fundur er á fimmtudögum kl. 20:00 (byrjar 24. sept).
  - b. Hinn fundurinn er á miðvikudögum kl. 20:00.
  - c. Næstu fundir: 24.09 (fim), 30.09 (mið), 8.10 (fim), 14.10 (mið).
  - d. Hittumst vikulega fyrst um sinn þegar mikið mæðir á undirbúningi fyrir viðburðinn.
2. Verkefni framundan: Rödd ungra skáta.
  - a. Viðburður ekki á höfuðborgarsvæðinu. Hugmynd frá Bergþóru var að vera mögulega á Akranesi.
  - b. Ungmennaráð ber ábyrgð á skipulaginu, en FFS og UGS ásamt starfsmanni veita stuðning og ráðgjöf. Þetta er viðburður ungmennaráðs og því best að þau stýri þessu sjálf.
  - c. Dagsetning: 6.-8. nóvember 2015. FFS hefur samband við Akranes upp á húsnaði og setur svo Evu Rós inn í málin.
  - d. Kynningarmál: byrja strax að auglýsa á facebook og í þriðjudagspósti.
  - e. Farið yfir hugmyndir varðandi umgjörð viðburðar. Raunverulegt tækifæri til að hafa áhrif og koma skilaboðum á framfæri til stjórnar BÍS, fræðsluráðs, dagskráráðs, félagaráðs eða annarra aðila.
  - f. Innlegg: t.d. frá vinnuhópi um rekkaskátastarf. Fyrirlestrar um ýmislegt sem er áhugavert fyrir þennan aldurshóp. Margt í boði sem fólk veit jafnvel ekki um. Þarf ekki endilega að vera beintengt skátunum.
  - g. Markmiðið að halda kostnaði niðri – þarf að ákveða síðar t.d. með matarmál.
  - h. Allir að leggja höfuðið í bleyti fyrir næsta fund og koma með hugmyndir að einhverju sem er viðeigandi fyrir þennan viðburð.
3. Vinnuhópur um Rekkaskátadagskrá.
  - a. Farið yfir vinnuhópsins.
  - b. Könnun á Rekkaskátar á Íslandi varðandi nafn og lógó fyrir Rekkaskáta. Enn sem komið er vilja flestir ekki breyta neinu. JEH bendir á að lógó rekkaskáta er þó bara Forsetamerkið.
  - c. Rætt um bók fyrir rekkaskáta. HMV leggur til að bókin sé sett upp þannig að hún leiði skátana áfram í að velja sér verkefni. Hlutirnir eigi að vera skýrir. JEH bendir á að þessi aldur óskar eftir að fá upplýsingar á skýran og skorinortan hátt.
  - d. Séu úr pappír sem er hægt að skrifa á.
  - e. Bókunum væri skipt eftir verkefnaflokkum? Sér kafli fyrir hvern þeirra.
  - f. UGS sendir gögn úr vinnunni á ráðið til yfirlestrar, einnig velkomið að kíkja í heimsókn á fundi hópsins.
  - g. Búa til app. Snapchat, sms? Fyrir snapchat þyrfti að hafa ritstjórnarreglur – þarf að útfæra.
4. Stefnumótun.
  - a. Vinnufundur stjórnar og ráða verður haldinn 15. október kl. 17:30-22:00.
  - b. Ráðið hvatt til að mæta.

- c. UGS sendir stefnumótunarskjal á ráðið, endilega lesa það yfir, bæta við þeim leiðum sem ykkur finnst vanta – gera athugasemdir á hitt ef við á.
5. Önnur mál.
- a. HMM og ARG segja frá. Danskir skátar sem voru á norrænu skátaráðstefnunni að kynna Adventurescouting. Þeir eru væntanlegir til Íslands og vilja hitta ungmennaráð og jafnvel fleiri til að kynna þetta. Dagskráráð hefur allavega áhuga á að hitta þá líka. Væri líka hægt að hafa opinn fund. Um að gera að nýta þeirra vitneskju. HMM verður í samskiptum við þá upp á tímasetningu. Þarf að bóka salinn.
  - b. Bland í poka. Haldið 2.-4. október. Ráðið hvatt til að mæta. Um að gera að nýta þennan viðburð til að hitta skáta af öllu landinu.
  - c. Texti fyrir kynningu á Rödd ungra skáta saminn.

Kynningartexti:

## **RUS**

Helgina 6.-8. nóvember ætla allir rekka- og róverskátar að hittast á Akranesi til að hafa gaman og ræða málin. Frábært tækifæri til að koma hugmyndum í framkvæmd og styrkja starfið! Verðið verður ekki hátt og veðrið hefur ekki hátt! Frábært tækifæri til að öðlast frægð og frama á Snapchat. Þetta verður RUS-aleg helgi. Nánari upplýsingar birtar síðar (á Snapchat og víðar). Kveðja, ungmennaráð. P.S. eruð þið að tékka á stuðlum og rími?

**Fundi slitið kl. 21:43. Fundargerð ritaði Una Guðlaug.**